



AÐALSKIPULAG SKAGAFJARÐAR
2025-2040 | ENDURSKOÐUN
Umhverfisskýrsla

Október 2025



AÐALSKIPULAG SKAGAFJARÐAR 2025-2040

Umhverfisskýrsla

Unnið fyrir:

Skagafjörð

Skagfirðingabraut 21, 550 Sauðárkrókur

Unnið af:

VSÓ RÁÐGJÖF

Borgartúni 20, 105 Reykjavík

www.vso.is

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
1.1	Efni og helstu stefnumið aðalskipulags	3
2	Tilgangur umhverfismats og aðferðafræði	4
2.1	Nálgun og áherslur matsvinnu	5
2.2	Valkostir	5
2.3	Málaflokkar og umhverfispættir	6
3	Áhrif valkosta	8
3.1	Blöndulína 3	8
3.2	Aðkoma að Sauðárkróki - Þverárfjallsvegur	12
3.3	Íbúðabyggð á Nöfum	12
3.4	Staðsetning á nýju tjaldsvæði	12
4	Áhrif aðalskipulags	14
4.1	Helstu niðurstöður umhverfismats	14
4.2	Umhverfisáhrif stefnumiða Aðalskipulags Skagafjarðar 2020 – 2035	17
4.2.1	Áhrif á náttúrufar	17
4.2.2	Landslag	18
4.2.3	Loftslag	18
4.2.4	Samfélag	19
4.2.5	Heilsa og öryggi	20
4.2.6	Auðlindir	21
5	Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda	22
6	Tengsl við aðrar áætlanir og stefnumótun	23



1 Inngangur

Endurskoðun Aðalskipulags Skagafjarðar er háð mati á umhverfisáhrifum áætlana skv. 2. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana þar sem um er að ræða:

- Skipulagsáætlun samkvæmt skipulagslögum.
- Áætlun sem markar stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda sem til greindar eru í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.
- Eru undirbúnar og/eða afgreiddar af stjórnvöldum og unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra.

Aðalskipulagsáætlanir eru unnar samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, sbr. VII. kafla laganna um aðalskipulagsáætlanir.

Umhverfismat áætlana er ákveðið ferli sem ber að fylgja við gerð áætlana svo leggja meg mat á hvort og þá hvaða áhrif tiltekin áætlun hefur á umhverfið í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Tilgangur þessarar umhverfisskýrslu er að greina frá því hvaða áhrif stefnumörkun aðalskipulagsins í tilteknum málaflokkum kunni að hafa á umhverfið og hvernig tekið var tillit til þessara áhrifa við mótun aðalskipulagsins.

1.1 Efni og helstu stefnumið aðalskipulags

Endurskoðunin er m.a. tilkomin vegna sameiningar Akrahrepps og Sveitarfélagsins Skagafjarðar 29. maí 2022, stígakerfis sveitarfélagsins, nýrrar aðkomu að Sauðárkróki frá Þverárfjallsvogi, yfirlits yfir vegi í náttúru Íslands, virkjanakosta, grænna iðngarða og staðsetningar Blöndulínu 3.

Skipulagsvinnan mótar stefnu um hagkvæma nýtingu lands, samgöngur og gæði byggðar. Jafnframt felur skipulagið í sér mótun stefnu í umhverfismálum og hvernig skipulag getur stuðlað að kolefnishlutleysi í samræmi við markmið Íslands þar um og lög nr. 70/2012 um loftslagsmál.

Helstu málaflokkar aðalskipulags eru: atvinna, íbúðabyggð, auðlindir, samgöngur og veitur, samfélag, verndarsvæði og umhverfismál. Stefnumörkun um þessi viðfangsefni byggir á forsendum um íbúðapróun og spám um mögulega þróun íbúafjöldans í sveitarfélaginu, núverandi atvinnulíf og möguleikum til atvinnuuppbyggingar í sveitarfélaginu, framtíðarsýn íbúa og fyrirtækja í sveitarfélaginu og stefnumörkun annarra áætlana.

Sveitarfélagið leggur áherslu á að viðhalda og auka við fjölbreytt atvinnulíf, efla ferðaþjónustu, styrkja framleiðslu, efla sjávarútveg og standa vörð um landbúnaðarsvæði. Stefnan byggir á því að styrkja grunnstoðir atvinnulífs og greinar í vexti og jafnframt draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum vegna atvinnustarfsemi.

Umhverfismat áætlana er aðferð til þess að auka gæði áætlana, breyta þeim og samþætta þær fyrirliggjandi stefnu í umhverfismálum og sjálfbærri þróun.

Leiðarljós endurskoðaðs aðalskipulags eru að í sveitarfélaginu verði félagslegt öryggi, fjölbreytt félagslíf og öflugt atvinnulíf. Í aðalskipulagstillögu er áhersla lögð á að skapa skilyrði fyrir fjölbreytt atvinnulíf og atvinnutækifæri fyrir fólk með mismunandi menntun og hæfni.



Leiðarljós fyrir þróun byggðar á Sauðárkróki er að mæta íbúðapörfum með framboði af fjölbreyttu húsnæði og áhersla á að ný íbúðabyggð þróist í góðu samhengi og tengslum við núverandi byggð til að tryggja hagkvæma nýtingu innviða og gott aðgengi íbúa að þjónustu. Tekið er mið af verndarákvæðum um eldri byggð á Sauðárkróki og Hofsósi, sbr. staðfestar áætlanir um verndarsvæði í byggð.

Markmið skipulagsins er að framboð og gæði menntunar verði aðdráttarafl fyrir nágrenni Hóla og Sauðárkróks og að menntastofnanir á öllum skólastigum fái svigrúm til að þróa sína starfsemi. Áhersla er lögð á bættu lýðheilsu með góðu aðgengi að svæðum til útivistar og uppbyggingu á góðri aðstöðu fyrir íþróttaiðkun mismunandi hópa.

2 Tilgangur umhverfismats og aðferðafræði

Umhverfismat áætlana er ákveðið ferli sem ber að fylgja við gerð áætlana svo leggja megja mat á hvort og þá hvaða áhrif tiltekin áætlun hefur á umhverfið í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Grundvallarhugmyndin með slíku mati er að sá sem mótar stefnuna átti sig á orsakasambandi milli áætlana og umhverfisáhrifa þeirra. Tilgangur þessarar umhverfisskýrslu er að greina frá því hvaða áhrif breytingar á aðalskipulaginu í tilteknum málaflokkum kunni að hafa á umhverfið þannig að hægt sé eftir atvikum að bregðast við og setja stefnu sem dregur úr líklegum áhrifum á umhverfi.

Í 1. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 kemur fram að markmið laganna sé sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Matsvinnan fyrir endurskoðun aðalskipulags Skagafjarðar miðaði við að þessum tilgangi laganna yrði náð.

Matsvinna fólst aðallega í að:

- benda á möguleg umhverfisáhrif fyrir mismunandi stefnur og aðgerðir sem komu fram í skipulagsvinnunni og stuðla að upplýstri og gegnsærri ákvarðanatöku við mótun aðalskipulags,
- aðstoða við að skilgreina markmið og leiðir í aðalskipulaginu á samræmdan hátt,
- fjalla um valkosti,
- greina áhrifaþætti og umhverfisþætti sem verða fyrir áhrifum,
- meta áhrif, skilgreina mótvægisáðgerðir og vöktun,
- vinna umhverfisskýrslu



2.1 Nálgun og áherslur matsvinnu

Fjallað er um áhrif tiltekinna málaflokka og stefnumörkun þeirra á helstu umhverfispætti. Lögð er áhersla á að meta umhverfisáhrif breytinga frá núverandi skipulagsáætlunum. Til hliðsjónar voru einnig umhverfisskýrslur Aðalskipulags Skagafjarðar 2020-2035 og Aðalskipulags Akrahrepps 2010-2022. Helstu áhrifaþættir skipulagsins snúa að meginviðfangsefnum þess, sem eru (1) atvinna, (2) íbúðabyggð, (3) auðlindir, (4) samgöngur og veitur og (5) samfélag og þjónusta. Að teknu tilliti til umfangs og eðlis áhrifa er greint frá heildaráhrifum í umhverfisskýrslunni. Auk breytinga á skipulagsáætlun er litið til umhverfisáhrifa sem skilgreind voru í umhverfisskýrslu aðalskipulagsgerðanna 2020-2035 og 2010-2022.

Við mat á áhrifum markmiða og stefnumiða á tiltekna umhverfispætti er stuðst við matsspurningar og viðmið, sjá töflu 3.1. Í samræmi við niðurstöður matsspurninga og hvernig þær falla að viðmiðum er lagt mat á vægi umhverfisáhrifa. Flokkun umhverfisáhrifa er eftirfarandi:

Mjög neikvæð (--)	Neikvæð (-)	Engin/óveruleg (0)	Jákvæð (+)	Mjög jákvæð (++)
Umfang áhrifa mikið, gengur gegn helstu viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur ekki að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa er lítið eða ekkert. Fellur að viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa mikið, er í samræmi við öll viðmið.

Mjög neikvæð áhrif eru skilgreind ef eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum eiga við: Áhrif eru varanleg, skapa hættu fyrir heilbrigði fólks og umhverfið, ná til stórs svæðis og/eða mikils fjölda fólks, gengur gegn stefnumiðum stjórnvalda, lögum og reglum, alþjóðlegum samningum eða öðrum áætlunum sem í gildi eru. Ef áhrif eru metin neikvæð eða mjög neikvæð er brugðist við með breytingu á stefnu eða mótvægisáðgerðum. Niðurstöður umhverfismats nýtast til þess að skilgreina mögulegar vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um möguleg umhverfisáhrif. Umfjöllun um umhverfisáhrif aðalskipulagsins miðar að því að fjalla fyrst og fremst um þá umhverfispætti sem líklega verða fyrir áhrifum vegna breytinga á aðalskipulagi. Í töflu 3.1 er yfirlit yfir þá umhverfispætti sem verða til skoðunar í skipulagsvinnunni.

2.2 Valkostir

Í umhverfismati er gerð grein fyrir heildaráhrifum breytinga sem lagðar eru fram í skipulagi og hvaða áhrif þessar breytingar kunna að hafa á skilgreinda umhverfispætti (tafla 3.1) samanborið við óbreytta stefnu aðalskipulags (núllkostur). Einnig er gerður samanburður á viðfangsefnum þar sem valkostir koma til álita í aðalskipulaginu. Þar eru eftirfarandi viðfangsefni helst til skoðunar í tengslum við gerð aðalskipulagsins:

- **Blöndulína 3**
 - Núllkostur. Línuleið samkvæmt gildandi aðalskipulagi.
 - Línuleið samkvæmt niðurstöðum umhverfismats Landsnets.
- **Aðkoma að Sauðárkróki - Þverárfjallsvegur**
 - Núllkostur. Óbreytt aðkoma.
 - Ný aðkoma yfir Gönguskarðsá við Kallá.



- Ný aðkoma yfir Gönguskarðsá við Gránumóa.
- **Íbúðabyggð á Nöfum**
 - Núllkostur. Óbreytt ástand á Nöfum.
 - Aukin íbúðabyggð á Nöfum.
- **Staðsetning á nýju tjaldsvæði**
 - Núllkostur. Óbreytt stefnumótun um tjaldsvæði á Nöfum.
 - Tjaldsvæði staðsett í Borgargerði.

2.3 Málaflokkar og umhverfispættir

Í töflu 4.1 er yfirlit yfir þá umhverfispætti sem hafa verið til skoðunar í skipulagsvinnunni. Við mótun nýs skipulags og ákvarðana um landnotkun er horft til þess hvernig stefnan styður við sjálfbæra þróun í sveitarfélaginu, og markmið stjórnvalda um skipulagsmál, sjálfbæra þróun, aðgerðir í loftslagsmálum og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna auk nýrrar umhverfisstefnu sveitarfélagsins sem er í vinnslu.

Áhersla er lögð á að koma í veg fyrir að framkvæmd aðalskipulagsins gangi á líffræðilegan fjölbreytileika, skerði gæði og aðgengi að neysluvatni og að stefnan taki mið af landslagi og jarðmyndunum. Umhverfismatið er einnig notað til að meta hvort framkvæmd skipulags falli að markmiðum sveitarfélagsins t.d. um eftirsóknarverðan búsetukost, að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, fjölbreytt atvinnulíf og grunnþjónustu.

Tafla 2.1 Yfirlit yfir umhverfispætti, matsspurningar og viðmið.

Umhverfispáttur	Undirpáttur	Matsspurningar Hefur áætlun áhrif á:	Viðmið
Náttúrufar	Jarðfræði og jarðmyndanir	Viðkvæm svæði? Svæði eða stök með verndargildi?	Náttúruminjaskrá A, B og C hluti. Náttúruverndaráætlun 2004-2008/2009-2013. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
	Vatnshlot	Vatnsverndarsvæði (brunn-, grann- eða fjarsvæði)? Vötn sem eru stærri en 1.000 m ² ? Ár og læki?	Lög um stjórn vatnamála nr.36/2011. Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Reglugerð nr. 785/1999 um starfsemi sem getur haft í för með sér mengun. Vatnaáætlun 2022-2027.
	Lífriki (gróður og dýr)	Verndarsvæði? Mikilvæg búsvæði? Mikilvæg gróðursvæði? Hverfisverndarsvæði? Votlendi? Líffræðilegan fjölbreytileika? Sjaldgæfar vistgerðir? Válistategundir?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Lög um skógrækt nr. 33/2019. Lög um landgræðslu nr. 155/2018. Náttúruverndaráætlun 2004-2008/2009-2013. Samningur um líffræðilega fjölbreytni, Ramsar og Bernar samningar.



Umhverfispáttur	Undirpáttur	Matsspurningar Hefur áætlun áhrif á:	Viðmið
Landslag	Landslag/ ásýnd	Náttúrulegt landslag ? Ásýnd Skagafjarðar? Víðerni? Landslagsheildir?	Náttúruminjaskrá A, B og C hluti. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Landslagssamningur Evrópu.
Loftslag	Loftgæði/ Kolefnislosun	Loftgæði? Losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun og samgöngum?	Hreint loft til framtíðar 2018–2029. Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði.
Samfélag	Efnahagur	Atvinnuuppbyggingu?	Landsskipulagsstefna 2024-2038.
	Byggð	Íbúðar- og atvinnuhúsnæði? Byggðamynstur?	Stefna sveitarfélagsins Skagafjarðar, m.a. húsnæðisáætlun og umhverfisstefna. Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022–2026.
	Félagslegt umhverfi	Samfélagsþjónustu? Verslun og þjónustu? Afbreytingu? Lífsgæði?	Samgönguáætlun 2020-2034.
	Samgöngur	Akstursvegalengdir? Þjónustustig samgöngukerfis?	
	Menningarminjar	Fornminjar? Búsetulandslag og byggingararf?	Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
Heilsa og öryggi	Heilsa	Hljóðvist? Aðstöðu til heilsubætandi lífsmáta, hreyfingu, útivist?	Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
	Öryggi	Áhrif á öryggi íbúa og lögaðila? Náttúruvá á núverandi byggðasvæðum og fyrirhuguðum m.t.t. flóðahættu, sjávarstöðu og jarðskjálfta?	Reglugerð nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða. Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar.
Auðlindir	Landbúnaðarland	Landbúnaðarland?	Skipulagslög nr. 123/2010. Jarðalög nr. 81/2004. Landsskipulagsstefna 2024-2038.
	Verndarsvæði	Svæði á náttúruminjaskrá? Hverfisverndarsvæði?	Náttúruminjaskrá A, B og C hluti. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
	Orkunotkun	Afhendingaröryggi?	Landsskipulagsstefna 2024-2038. Kerfisáætlun 2023 – 2032.
	Vatnsnotkun	Vatnsból?	Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Reglugerð nr. 785/1999 um starfsemi sem getur haft í för með sér mengun. Landsskipulagsstefna 2024-2038.
	Sorp og fráveita	Meðhöndlun úrgangs? Innviði vegna fráveitu og úrgangs?	Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs. Landsskipulagsstefna 2024-2038. Í átt að hringrásarhagkerfi: Stefna umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum.



3 Áhrif valkosta

3.1 Blöndulína 3

Í skipulagsvinnu eru tveir meginvalkostir til skoðunar um Blöndulínu 3. Annars vegar gildandi stefnumörkun þar sem Blöndulína 3 liggur um Vatnsskarð og hins vegar þar sem Blöndulína 3 liggur um Kiðaskarð samanber niðurstöður Landsnets í umhverfismati framkvæmdar.

Blöndulína 3 hefur í för með sér ýmsa framkvæmdaþætti, þar á meðal slóðagerð, uppsetningu mastra og tengivirkja, flutning efnis og rask á gróðri og jarðvegi. Þessir þættir hafa bæði tímabundin og varanleg áhrif á náttúrufar, landslag, vatnafar og samfélag.

Áhrif Blöndulínu 3 innan Skagafjarðar eru bæði jákvæð og neikvæð. Jákvæð áhrif felast fyrst og fremst í bættri raforkudreifingu og styrkingu samfélagslegra innviða. Á hinn bóginn koma neikvæð áhrif fram í raski á náttúrufari og landslagi, auk þess sem þau geta haft áhrif á landbúnað á svæðinu.

Eftirfarandi tafla sýnir umfang framkvæmdar innan Skagafjarðar.

	Núllkostur Óbreytt stefnumótun, Héraðsvatnaleið		Breytt lega Blöndulínu 3, Kiðaskarðsleið	
	220 kV Loftlína	Jarðstrengur að tengivirki við Varmahlíð	220 kV Loftlína	Jarðstrengur að tengivirki við Varmahlíð
Lengd	46,7 km	3,8 km (220 kV) 4,5 km (132 kV)	37,4 km	15,2 km (132 kV)
Fjöldi mastra	154	-	108	-
Raskað land	46,6 ha	4,5 ha	30,2 ha	15,2 ha
Vistgerðir (hátt og mjög hátt verndargildi)	16,5 ha	2,3 ha	11,4	6,4
Votlendi	1,4 (af 16,5 ha)	0,1 (af 2,3 ha)	1,5 (af 11,4 ha)	0,1 (af 6,4 ha)
Tún og akurlendi	1,65 ha	0,13 ha	0,32 ha	3,2 ha
Skógrækt	0,3 ha	0,3 ha	0,2 ha	0,3 ha
Lengd innan vatnsverndarsvæðis	8,3 km	-	-	-
Menningarminjar (mikið og mjög mikið minjagildi)	12	4	5	22

Áhrif á náttúrufar og landslag

Slóðagerð, mastrastæði og efnistaka felur í sér rask á gróðurfari og búsvæðum. Breytt lega Blöndulínu 3 kemur til með að fela í sér minna rask samanborið við óbreytta stefnumótun en rask á vistgerðum sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi, sem og rask á votlendi og skógrækt, er nokkuð sambærilegt milli valkosta. Ójákvæmilegt er að línan raski vistkerfum sem njóta verndar skv. 61.gr. laga um náttúruvernd. Um er að ræða brýna innviðauppbyggingu á svæðis- og landsvísu.



Sveitarfélagið leggur áherslu á endurheimt vistkerfa, svo sem votlendis, til móts við það sem raskast. Sömuleiðis er áhersla lögð á að forðast eigi rask á vistgerðir með mjög hátt verndargildi með því að færa línuleið eða hanna staurastæði þannig að rask verði sem minnst þar sem kostur er. Að framkvæmdum loknum skal leggja áherslu á að endurheimta gróður á röskuðum svæðum til að viðhalda náttúrufari og að frágangur sé með þeim hætti að ekki sé hætt á landrofi. Til að draga úr raski skal áhersla lögð á lágmörkun vegslóða og að nýta eldri slóða eftir föngum. Tryggja þarf að mótvægisáðgerðir vegna framkvæmda, eins og endurheimt vistkerfa eða lágmörkun á raski, séu unnar á grundvelli sérfræðipækkingar.

Héraðsvötn og svæðin í kring eru votlendi og árósar sem eru mikilvæg búsvæði fyrir fjölbreytt fuglalíf. Blöndulína 3 getur falið í sér árekstrarhættu, rask á búsvæðum og truflun á farleiðum, einkum breytt lega Blöndulína 3 sem þverar Héraðsvötnin. Skagafjörður leggur áherslu á mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifum á fuglalíf, í samráði við fuglasérfræðinga, svo merkingum á leiðurum og að tímasetningar framkvæmda verði þeim hætti að dregið sé úr ónæði á viðkvæmum varptímum eins og kostur er.

Línan mun bæði liggja um ósnortin, lítt röskuð svæði og í byggð þar sem ásýnd landslags er mikilvæg, bæði fyrir íbúa og ferðamenn. Framkvæmdin kemur til með að breyta staðbundið einkennum landslags. Skagafjörður leggur áherslu á að Rangárvallalína 1 verði tekin niður með tilkomu Blöndulínu 3. Sjónræn áhrif myndu því minnka á þeim svæðum þar sem Rangárvallalína 1 er fjarlægð. Niðurrif þeirrar línu minnkar þó ekki sjónræn áhrif af nýrri línu Blöndulínu 3.

Umhverfis- þáttur	Matsspurningar	Núllkostur óbreytt lega	Kiðaskarðsleið
Náttúrufar	Hefur áætlun áhrif á viðkvæm svæði, búsvæði og svæði með verndargildi?	Neikvæð (-)	Neikvæð (-)
Landslag	Hefur áætlun áhrif á náttúrulega ásýnd og ásýnd Skagafjarðar?	Neikvæð (-)	Neikvæð (-)

Áhrif á vatnshlot

Rask í tengslum við Blöndulínu 3 kann að valda álagi á vatnshlot. Rask getur raskað vatnaflæði, valdið auknu rofi og setmyndun sem getur breytt farvegi vatns eða breytt náttúrulegu vatnsflæði í grunnvatn. Auk þess að draga úr vatnsgæðum með gruggmyndun og haft þannig áhrif á lífríki. Óbreytt stefnumótun um legu Blöndulínu 3 felur í sér þverun Húseyjarkvíslar með jarðstreng. Þverunarsvæðið í Húseyjarkvísl er talið viðkvæmt og gott uppeldissvæði laxfiska í ánni en Veiðifélag Húseyjarkvíslar hefur unnið að því að bæta uppeldisskilyrði með grjótgörðum. Þverunin gæti haft áhrif á laxveiði og uppeldisskilyrði, sérstaklega á framkvæmdatíma. Stefnumótun um breytta legu Blöndulínu 3 felur ekki í sér þverun á þessu svæði. Sömuleiðis felur óbreytt stefna í sér framkvæmdir innan vatnsverndarsvæðis.

Í tengslum við Blöndulínu 3 er skilgreind efnistaka í Svartá. Skagafjörður leggur áherslu á að lágmarka umhverfisáhrif efnistökkunnar með því að tímasetja framkvæmdir þannig að ekki verði neikvæð áhrif á hrygningartíma eða öðrum viðkvæmum tíma. Þá þarf einnig að vera samráð við veiðiréttihafa varðandi tímasetningar. Viðhalda þarf



vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi vatnshlota í samræmi við markmið vatnaáætlunar 2022-2027.

Umhverfis- þáttur	Matsspurningar	Núllkostur óbreytt lega	Kiðaskarðsleið
Náttúrufar	Hefur áætlun áhrif á vatnshlot?	<i>Óveruleg (0/-)</i>	<i>Óveruleg (0/-)</i>

Áhrif á samfélag, auðlindir og heilsu

Blöndulína 3, óháð valkostum, mun styrkja afhendingaröryggi raforku á Norðurlandi og gera raforkukerfið minna viðkvæmt fyrir truflunum og straumleysi. Aukið raforkuöryggi skapar tækifæri fyrir Skagafjörð og stuðlar að uppbyggingu atvinnulífs. Þetta eflir samkeppnishæfni Skagafjarðar sem atvinnusvæðis og stuðlar að nýsköpun. Með bættri raforkudreifingu styrkjast samfélagslegir innviðir á borð við vatnsveitur, fjarskipti og heilbrigðisþjónustu. Blöndulína 3 er einnig mikilvæg í samhengi við orkuskipti og minni losun gróðurhúsalofttegunda, þar sem aukið orkuöryggi auðveldar rafvæðingu samgangna og atvinnustarfsemi í Skagafirði og nágrenni.

Blöndulína 3 kemur til með að raska landbúnaðarlandi og felur þar breytt lega línunnar í sér nokkuð meira rask. Að auki er takmörkun á nýtingu lands innan helgunarsvæðis sem getur haft áhrif á landnotkun. Sveitarfélagið leggur áherslu á að samráð verði haft við landeigendur til að finna lausnir sem lágmarka truflun og landnotkun og þá starfsemi sem þar fer fram eins og kostur er.

Hljóðstig mun ekki fara yfir viðmiðunarmörk um hávaða og rafsvið og segulsvið mun hvergi fara yfir viðmiðunarmörk ICNIRP eða norsk varúðarmörk um segulsvið. Það á bæði við um óbreytta stefnumótun og breytta legu Blöndulínu 3.

Umhverfis- þáttur	Matsspurningar	Núllkostur Óbreytt aðkoma	Aukin íbúðabyggð á Nöfum
Samfélag	Hefur áætlun áhrif á atvinnuuppbyggingu og þjónustu?	Jákvæð (+)	Jákvæð (+)
Auðlindir	Hefur áætlun áhrif á landbúnað og landnotkun?	Neikvæð (-)	Neikvæð (-)
Heilsa og öryggi	Hefur áætlun áhrif á heilsu og öryggi?	<i>Óveruleg (0)</i>	<i>Óveruleg (0)</i>



Samræmi við stefnu stjórnvalda

Eftirfarandi tafla sýnir samræmi stefnumótunar við stefnu stjórnvalda um lagningu raflína nr. 11/144 og Stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku nr. 26/148. Í stefnunni kemur fram að í meginflutningskerfi raforku sé meginreglan sú að notast sé við loftlínur nema annað sé talið hagkvæmara eða æskilegra, m.a. út frá tæknilegum atriðum eða umhverfis- eða öryggissjónarmiðum.

Samræmi við viðmið í stefnu um:	Núllkostur	Breytt lega Blöndulínu 3
Hvar meta þurfi jarðstreng.	Í samræmi	Í samræmi
Röskun friðlýstra svæða og svæða sem njóta sérstakrar verndar.	Í samræmi	Í samræmi
Sjónræn áhrif.	Í samræmi	Í samræmi
Að línugötum sé haldið í lágmarki.	Í samræmi	Í samræmi
Að jarðstrengir séu meðfram vegum.	Í samræmi	Í samræmi
Að nýta núverandi línustæði.	Á ekki við	Á ekki við
Samhliða mat afhendingaröryggis og kostnaðar.	Í samræmi	Í samræmi
Að horft sé til þarfa landsmanna við uppbyggingu raforkukerfisins.	Í samræmi	Í samræmi
Að horft sé til viðskiptahagsmuna.	Í samræmi	Í samræmi
Hagkvæmni flutnings- og dreifiverð til raforkukaupenda?	Í samræmi	Í samræmi
Að flutningskerfið mæti þörfum raforkunotenda á hverjum tíma.	Í samræmi	Í samræmi
Afhendingaröryggi á landsvísu.	Í samræmi	Í samræmi
Hagkvæma nýtingu jarðstrengs og ekki línulagnir yfir hálendi.	Í samræmi	Í samræmi
Jafnvægi milli efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra áhrifa.	Í samræmi	Í samræmi
N-1 afhendingaröryggi.	Í samræmi	Í samræmi
Að innviðaupbygging mæti þörfum fyrir orkuskipti.	Í samræmi	Í samræmi
Heildstætt mat á ávinningi jarðstrengslagna í kerfinu.	Í samræmi	Í samræmi
Raforkudreifingu og -öryggi	Í samræmi	Í samræmi



3.2 Aðkoma að Sauðárkróki - Þverárfjallsvegur

Valkostir um nýja aðkomu liggja að stærstum hluta um svæði sem einkennist nú þegar af manngerðum svæðum. Ný aðkoma við Kallá gengur á opið svæði þar sem gert er ráð fyrir frístundabúskap og útivist. Ekki eru verndarákvæði á þeim svæðum sem ný aðkoma liggur um. Ný aðkoma við Kallá liggur nálægt golfvelli svo huga þarf að ásýndarbreytingum og hljóðvist. Hugan þarf að tímasetningum og frágangi við þverun Gönguskarðsár svo ekki verði hnignun á vatnshloti og á það við um alla valkosti um nýja aðkomu.

Stefnumótun um nýja aðkomu kemur til með að bæta aðkomu að bænum og frá bænum upp á Nafir óháð valkostum. Ný aðkoma við Gránumóa og vestan akstursípróttasvæðis fela í sér meira tækifæri til framtíðaruppbyggingar á Nöfum samanborið við nýja aðkomu við Kallá.

Óbreytt stefna bætir ekki aðkomu að bænum og felur í sér minna risk.

Umhverfis- þáttur	Matsspurningar	Núllkostur Óbreytt aðkoma	Ný aðkoma yfir Gönguskarðsá		
			Við Kallá	Við Gránumóa	Vestan við akstursípróttasvæði
Náttúrufar	Hefur áætlun áhrif á viðkvæm svæði, búsvæði, svæði með verndargildi og vatnshlot?	<i>Engin (0)</i>	<i>Óveruleg (0/-)</i>	<i>Óveruleg (0/-)</i>	<i>Óveruleg (0/-)</i>
Samfélag	Hefur áætlun áhrif á byggðamynstur og þjónustustig samgöngukerfis?	<i>Óveruleg (0/-)</i>	<i>Jákvæð (+)</i>	<i>Jákvæð (+)</i>	<i>Jákvæð (+)</i>
Heilsa og öryggi	Hefur áætlun áhrif á hljóðvist og aðstöðu til heilsuþætandi lífsmáta?	<i>Engin (0)</i>	<i>Óveruleg (0/-)</i>	<i>Óveruleg (0/-)</i>	<i>Óveruleg (0/-)</i>

3.3 Íbúðabyggð á Nöfum

Til álita kemur að auka íbúðabyggð á Nöfum. Stefnumótun felur í sér að svæði sem samkvæmt gildandi skipulagi er skilgreint sem opið svæði (OP405), ætlað fyrir frístundabúskap og útivist, sem og tjaldsvæði (AF401), verði þróað til íbúðabyggðar. Uppbyggingin mun fela í sér að nýtt land er brotið undir íbúðabyggð á svæði sem telst gott byggingarland og er án verndarákvæða. Uppbygging svæðisins samræmist byggðamynstri Sauðárkróks og tengir nýja byggð við núverandi íbúðasvæði. Jafnframt er góð tenging nýrrar byggðar við opin svæði og útivistarsvæði og stuðlar að samfelldu og aðgengilegu skipulagi.

Umhverfis- þáttur	Matsspurningar	Núllkostur Óbreytt aðkoma	Aukin íbúðabyggð á Nöfum
Náttúrufar	Hefur áætlun áhrif á viðkvæm svæði, búsvæði, svæði með verndargildi og vatnshlot?	<i>Engin (0)</i>	<i>Óveruleg (0/-)</i>
Landslag	Hefur áætlun áhrif á náttúrulega ásynd og ásynd Skagafjarðar?	<i>Óveruleg (0)</i>	<i>Óveruleg (0)</i>
Samfélag	Hefur áætlun áhrif á byggðamynstur og gæði byggðar.	<i>Óveruleg (0/-)</i>	<i>Jákvæð (+)</i>

3.4 Staðsetning á nýju tjaldsvæði

Stefnumótun um stærra tjaldsvæði kemur til að bæta aðstöðu fyrir ferðapjónustu og auka þjónustustig fyrir ferðamenn. Óbreytt stefna felur í sér tjaldsvæði á Nöfum með plássi fyrir 142 ferðavana. Tjaldsvæðið er



staðsett á ákjósanlegu byggingarlandi fyrir framtíðaruppbyggingu á svæðinu og þörf er á betri vegtengingum og innviðum s.s. rafmagni og fráveitu.

Ný tillaga um tjaldsvæði í Borgargerði felur í sér pláss fyrir 372 tjaldvagna. Stutt er í innviði s.s. rafmagn og fráveitu og er stutt frá stofnvegum. Ekki er gengið á svæði sem þykir hentugt byggingarland.

Engin verndarákvæði liggja á svæðunum sem eru til skoðunar. Báðar staðsetningar eru á grónum svæðum. Tillaga um tjaldsvæði í Borgargerði liggur nálægt opnu svæði (OP405) Tjörminni, þar sem er mikið fuglalíf og votlendi. Tjaldsvæði á Nöfum liggur nær opnum svæðum og útivistarsvæðum en góðar tengingar við svæðin er við báða valkosti um staðsetningu tjaldsvæðis.

Umhverfis- þáttur	Matsspurningar	Núllkostur Tjaldsvæði á Nöfum	Tjaldsvæði í Borgargerði
Náttúrufar	Hefur áætlun áhrif á viðkvæm svæði, búsvæði, svæði með verndargildi og vatnshlot?	<i>Óveruleg (0/-)</i>	<i>Óveruleg (0/-)</i>
Samfélag	Hefur áætlun áhrif á byggðamynstur, gæði byggðar og þjónustustig samgöngukerfis?	<i>Óveruleg (0/-)</i>	<i>Jákvæð (+)</i>
Heilsa og öryggi	Hefur áætlun áhrif á aðstöðu til heilsuþættandi lífsmáta, hreyfingu, útivist?	<i>Jákvæð (+)</i>	<i>Jákvæð (+)</i>



4 Áhrif aðalskipulags

4.1 Helstu niðurstöður umhverfismats

Niðurstöður fyrir umhverfispætti og samanburður áhrifa tillögu að endurskoðun aðalskipulags og gildandi aðalskipulags, þ.e. núllkosts.

Umhverfispáttur	Valkostur 0 Aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035	Valkostur 1 Aðalskipulag Skagafjarðar 2025-2040
1. Náttúrufar		
1.1 Jarðfræði og jarðmyndanir	Uppbygging sem felur í sér nýframkvæmdir, s.s. iðnaðaruppbygging, íbúabyggð og efnistaka, felur í sér staðbundið rask. Ekki er búist við raski á jarðmyndunum sem á hvíla verndarákvæði.	Uppbygging felur í sér nýframkvæmdir, s.s. íbúabyggð og efnistaka, sem felur í sér staðbundið rask. Ekki er búist við raski á jarðmyndunum sem á hvíla verndarákvæði. Fjölgun efnistökusvæða, kann að leiða til neikvæðra áhrifa.
1.2 Vatnshlot	Gert er ráð fyrir nýframkvæmdum sem gætu staðbundið valdið álagi á vatnshlot.	Gert er ráð fyrir nýframkvæmdum sem gætu staðbundið valdið álagi á vatnshlot. Sérstaklega þarf að huga að efnistökusvæðum, fiskeldi, nýjum fráveitumannvirkjun og aukinni vatnsnotkun.
1.3 Lífríki (gróður og dýr)	Uppbygging sem felur í sér nýframkvæmdir, s.s. iðnaðaruppbygging, íbúabyggð og efnistaka, felur í sér staðbundið rask. Ekki er búist við raski á jarðmyndunum sem á hvíla verndarákvæði. Almennt eru uppbyggingarsvæði ekki á verndarsvæðum eða þar sem vistgerðir hafa hátt verndargildi.	Uppbygging sem felur í sér nýframkvæmdir, s.s. iðnaðaruppbygging, íbúabyggð og efnistaka, felur í sér staðbundið rask. Ekki er búist við raski á jarðmyndunum sem á hvíla verndarákvæði. Almennt eru uppbyggingarsvæði ekki á verndarsvæðum eða þar sem vistgerðir hafa hátt verndargildi.
2. Landslag		
2.1 Náttúrulegt landslag	Stefnumótun sem felur í sér uppbyggingu og breytta landnotkun kann að breyta staðbundið einkennum náttúrulegs landslags. Iðnaðaruppbygging í Viðvíkursveit, efnistaka, Blöndulína 3.	Stefnumótun sem felur í sér uppbyggingu og breytta landnotkun kann að breyta staðbundið einkennum náttúrulegs landslags. Skógrækt, iðnaðaruppbygging í Viðvíkursveit, fjölgun efnistökusvæða, Blöndulína 3.
2.2 Ásýnd byggðar	Stefna um vandað yfirbragð hverfa og byggðar sem skal taka mið af við deiliskipulag. Ákvæði úr áætlunum um verndarsvæði í byggð á Sauðárkróki og Hofsósi tekin upp í aðalskipulag. Þétting byggðar styður við núverandi landslag.	Stefna um vandað yfirbragð hverfa og byggðar sem skal taka mið af við deiliskipulag. Ákvæði úr áætlunum um verndarsvæði í byggð á Sauðárkróki og Hofsósi tekin upp í aðalskipulag. Þétting byggðar styður við núverandi landslag.
2. Loftslag		
2.1 Loftgæði	Iðnaðaruppbygging kann að hafa neikvæð áhrif á loftgæði, en áhrifin eru háð óvissu um eðli starfseminnar.	Áfram gert ráð fyrir iðnaðaruppbyggingu. Áhrif iðnaðaruppbyggingar háð óvissu um eðli starfseminnar.
2.2. Losun gróðurhúsalofttegunda	Iðnaðaruppbygging orkufreks iðnaðar fylgir líklega aukin losun og líklega neikvæð áhrif á loftslag. Óvissa er um eðli iðnaðarins og orkuöflun. Stefna um skógræktarsvæði stuðlar að aukinni kolefnisbindingu.	Stefna um iðnaðaruppbyggingu er líkleg til að stuðla að aukinni losun og hafa neikvæð áhrif á loftslag. Minna umfang byggðar og þéttari byggðakjarnar stytta akstursvegalengdir. Stefna um skógræktarsvæði stuðlar að aukinni kolefnisbindingu.
3. Samfélag		



3.1 Atvinnulíf og efnahagur	Iðnaðaruppbygging myndi fjölga störfum. Stefna um lagningu raflína jákvæð fyrir efnahag, bætir afhendingaröryggi raforku sem styrkir forsendur atvinnureksturs.	Iðnaðaruppbygging myndi fjölga störfum. Stefna um lagningu raflína jákvæð fyrir efnahag, bætir afhendingaröryggi raforku sem styrkir forsendur atvinnureksturs. Áhersla á fjölbreytni í atvinnuuppbyggingu og þróunarmöguleikum í helstu geirum atvinnulífs, verslun og þjónustu, samfélagsþjónustu, iðngreinum og landbúnaði. Stefna sett um grænán iðngarð.
3.2 Byggð, íbúðar- og atvinnuhúsnæði	Stefna um aukið framboð íbúðarlóða og athafnasvæða. Sett eru fram almenn viðmið um fjölda íbúða og nýtingarhlutfall sem gilda um öll svæði. Stefna um þéttleika byggðar og fjölda íbúða tekur mið af staðbundnum aðstæðum. Sett fram stefna um um áfangaskiptingu uppbyggingar íbúðabyggðar.	Áframhaldandi stefna um þéttleika byggðar og fjölda íbúða sem tekur mið af staðbundnum aðstæðum. Miðað er við að nýta vel svæði sem ekki eru fullbyggð, styrkja götumyndir með uppbyggingu óbyggðra lóða eða vannýttra svæða innan núverandi byggðar og að viðhalda byggðamynstri. Stefnumótun um uppbyggingu íbúðarsvæðis á Nöfum.
3.3. Samfélagsþjónusta	Stjórnsýsla, heilbrigðisþjónusta, þjónusta við aldraða og félagsþjónusta staðsett á Sauðárkróki. Ríkisstofnanir með starfstöðvar á Sauðárkróki. Á Sauðárkróki og Varmahlíð eru grunnskólar og leikskólar. Framhaldsskóli á Sauðárkróki með heimavist. Háskólinn á Hólum.	Áframhaldandi stefna um að skapa skilyrði fyrir viðbótaruppbyggingu og þróun þjónustustofnana. Áhersla á gott aðgengi og miðlæga staðsetningu þjónustustofnana. Byggð verður upp ný aðstaða fyrir fiskeldi í tengslum við Háskólann á Hólum, þekkingasetur.
3.4 Samgöngur	Stefna um samgöngur í þéttbýli og dreifbýli og tillögur sem stuðla að vegabótum.	Stefna um samgöngur í þéttbýli og dreifbýli og tillögur sem stuðla að vegabótum. Stefna sett um nýja aðkomu að Sauðárkróki, Þverárfjallsvegur. Stefna sett um stígakerfi milli Hofsóss, Sauðárkróks og Varmahlíðar.
3.4 Menningarminjar	Markmið um skráningu minja, húsakannanir og stefna um verndun minja. Staðfestar áætlanir um verndarsvæði í byggð á Sauðárkróki og Hofsósi teknar upp í aðalskipulag.	Markmið um skráningu minja, húsakannanir og stefna um verndun minja. Staðfestar áætlanir um Verndarsvæði í byggð á Sauðárkróki og Hofsósi teknar upp í aðalskipulag. Unnið verði áfram að skráningu fornminja á jörðum í dreifbýli og eldri skráningar uppfærðar. Gerð verði áætlun um framvindu skráningar yfir aðalskipulagstímabilið.
4. Heilsa- og öryggi		
4.1 Náttúruvá	Hluti íbúðabyggðar í brekkunum undir Nöfum á Sauðárkróki eru skilgreind sem A- og B-hættusvæði vegna ofanflóða. Heimilt er að fjölga íbúðum með skilyrðum. Ekki er gert ráð fyrir öðrum framkvæmdum á svæðum sem stafar hætta vegna náttúruvá.	Hluti íbúðabyggðar í brekkunum undir Nöfum á Sauðárkróki eru skilgreind sem A- og B-hættusvæði vegna ofanflóða. Heimilt er að fjölga íbúðum með skilyrðum. Ekki er gert ráð fyrir öðrum framkvæmdum á svæðum sem stafar hætta vegna náttúruvá.
4.2 Öryggi	Tillögur að vegabótum stuðla að auknu umferðaröryggi.	Stefna um samgöngur í þéttbýli og dreifbýli og tillögur að vegabótum stuðla að auknu umferðaröryggi.
4.3 Hljóðvist	Ekki liggja fyrir gögn um ástand hljóðvistar. Ætla má út frá tölum um umferðamagn á helstu vegum sem liggja gegnum byggð í sveitarfélaginu, s.s. um Sauðárkrók og Hofsós, að hávaði sé undir viðmiðunarmörkum.	Ekki liggja fyrir gögn um ástand hljóðvistar. Ætla má út frá tölum um umferðamagn á helstu vegum sem liggja gegnum byggð í sveitarfélaginu, s.s. um Sauðárkrók og Hofsós, að hávaði sé undir viðmiðunarmörkum.
4.4 Aðstaða til heilsuþættandi lífsmáta og vellíðan	Gott framboð útivistarsvæða. Íþróttasvæði.	Gott framboð útivistarsvæða. Íþróttasvæði.



	Göngu-, hjóla- og reiðleiðir.	Göngu-, hjóla- og reiðleiðir. Stefna um stígakerfi milli Hofsóss, Sauðárkróks og Varmahlíðar og aðgerðir skilgreindar til að styrkja virka samgöngumáta.
5. Auðlindir		
5.1 Landbúnaðarland	Stefnt að því að styrkja grunnstoðir landbúnaðarins og skapa skilyrði fyrir vaxtarsprotu, vöruþróun og nýsköpun í landbúnaði og tengdri starfsemi. Markmið sett um er að forgangsraða nýtingu góðs ræktarlands til ræktunar og ýta undir viðhald þeirra gæða en beina annarri notkun annað. Staðinn verði vörður um gott ræktarland og landbúnaðarland, með því að móta skilmála ef breyta á landbúnaðarlandi og heimildir um uppbyggingu á landbúnaðarlandi.	Áframhaldandi stefna um að styrkja grunnstoðir landbúnaðarins og skapa skilyrði fyrir vaxtarsprotu, vöruþróun og nýsköpun í landbúnaði og tengdri starfsemi. Skógrækt eflid. Markmið sett um er að forgangsraða nýtingu góðs ræktarlands til ræktunar og ýta undir viðhald þeirra gæða en beina annarri notkun annað. Staðinn verði vörður um gott ræktarland og landbúnaðarland, með því að móta skilmála ef breyta á landbúnaðarlandi og heimildir um uppbyggingu á landbúnaðarlandi.
5.2 Verndarsvæði	Afmörkuð eru vatnsverndarsvæði sem taka til mjög stórs hluta sveitarfélagsins - allt land ofan 200 m.y.s. í austur og vestur hálendi Skagafjarðar. Stefnt að því að uppfylla kröfur reglugerða um flokkun vatnsverndarsvæða og flokkun vatnasvæða. Gerð grein fyrir og merkt á uppdrátt svæði á náttúruminjasrá, friðlýstar náttúruminjar og menningarminjar. Möркуð er stefna um hverfisvernd hluta þeirra svæða sem njóta verndar náttúruverndarlaga og laga um menningarminja.	Vatnsverndarsvæði eru skilgreind og afmörkuð á grundvelli nýrrar greiningar. Gerð grein fyrir og merkt á uppdrátt svæði á náttúruminjasrá, friðlýstar náttúruminjar og menningarminjar.
5.3 Orkunotkun	Stefna um iðnaðaruppbyggingu og orkufrekan iðnað.	Áfram gert ráð fyrir möguleikum á orkufrekum iðnaði í sveitarfélaginu. Markmið um innviði vegna orkuskipta, rafhleðslustöðvar, rafvæðingu Sauðárkrókshafna, stuðla að minni notkun eldsneytis.
5.5 Vatnsnotkun/vatnsbúskapur. Vatnból.	Aukin vatnsnotkun vegna stefnu um iðnaðaruppbyggingu í Viðvíkursveit. Markmið sett um greiningu vatnsbóla og vatnsverndarsvæða og verndun þeirra.	Aukin vatnsnotkun vegna stefnu um iðnaðaruppbyggingu í Viðvíkursveit. Markmið sett um vatnsból og vatnsverndarsvæði og verndun þeirra.
5.6 Sorp og fráveita	Skólpheinsivirki á Borgarsandi við Sauðárkrók (sjá I-1.3) Nýjar dælustöðvar og útrásir fráveitu á Sauðárkróki. Stefna um að draga úr umfangi urðunar og auka endurvinnsluhlutfall og jarðgerð sbr. markmið svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi.	Skólpheinsivirki á Borgarsandi við Sauðárkrók (sjá I-1.3) Nýjar dælustöðvar og útrásir fráveitu á Sauðárkróki. Stefna um að draga úr umfangi urðunar og auka endurvinnsluhlutfall og jarðgerð sbr. markmið svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi.



4.2 Umhverfisáhrif stefnumiða Aðalskipulags Skagafjarðar 2020 – 2035

4.2.1 Áhrif á náttúrufar

Stefnumótunin gerir áfram ráð fyrir nýframkvæmdum sem fela í sér staðbundið rask á jarðmyndunum, gróðri og búsvæðum. Þetta á sérstaklega við um uppbyggingu iðnaðarsvæða, fjölgun efnistökusvæða, aukna íbúðabygð, nýja aðkomu að Sauðárkróki um Þverárfjallsveg og framkvæmdir vegna Blöndulínu 3. Almennu eru uppbyggingarsvæði ekki á verndarsvæðum, þar sem vistgerðir hafa hátt verndargildi, eða þar sem jarðmyndanir eru sem á hvíla verndarákvæði.

Áhersla verður lögð á aukna skógrækt innan sveitarfélagsins sem styður við sjálfbærni og getur eftir líffræðilegan fjölbreytileika. Gæta þarf þess að skógrækt raski ekki viðkvæmum vistkerfum eða vistgerðum með hátt verndargildi og samræmist annarri landnotkun í nágrenninu.

Við nánari útfærslu og framkvæmd stefnumótunar þarf að huga sérstaklega að því að draga úr raski á viðkvæmum svæðum sem hafa hátt líffræðilegt gildi. Jafnframt skal tryggja að frágangur framkvæmda valdi hvorki aukinni hættu á landrofi né geri ágengum tegundum kleift að ná fótfestu á raskaðri svæðum. Mikilvægt er einnig að leita leiða til að viðhalda og vernda líffræðilegan fjölbreytileika og tryggja að áhrif framkvæmdanna séu eins lítil og kostur er.

Stefnumótun aðalskipulagsins gerir ráð fyrir nýframkvæmdum og aukinni iðnaðaruppbyggingu, sem gæti valdið álagi á vatnshlot sveitarfélagsins. Sérstaklega gætu efnistökusvæði, ný fráveitumannvirki og aukin vatnsnotkun vegna iðnaðar haft staðbundin áhrif á yfirborðsvatn og grunnvatnsgæði. Við nánari útfærslu framkvæmda þarf að tryggja að skilmálar taki mið af markmiðum Vatnaáætlunar Íslands 2022–2027. Þetta felur m.a. í sér að:

- Gæta þurfi að mengunarvörnum og tryggja að gæði vatnshlota rýrni ekki vegna afrennslis frá mannvirkjum eða iðnaði.
- Sérstakrar varkárni verður gætt við efnistöku og annarra nýframkvæmda nálægt vatnshlotum, til að lágmarka áhrif á vatnsflæði og setmyndun.



Stefnumótunin styður við markmið 15 um að stuðla að sjálfbærri nýtingu vistkerfa á landi og í ferskvatni og endurheimt þeirra. Jafnframt að leitast sé við að endurheimta hnignandi land og jarðveg.



Stefnumótunin styður við markmið 14 um að ganga vel um vistkerfi sjávar og stranda og að þau séu vernduð á sjálfbæran hátt, þar á meðal með því að grípa til aðgerða til að endurheimta og hlúa að vistkerfunum.



4.2.2 Landslag

Áherslur aðalskipulags endurspeгла mikilvægi landslags í umhverfinu. Almennt hefur uppbygging áhrif á náttúrulegt landslag og ásýnd byggðar. Áfram er stefnt að iðnaðaruppbyggingu í Viðvíkursveit og dregið er úr umfangi iðnaðarsvæðis á Reykjaströnd. Iðnaðaruppbygging, samgönguuppbygging, íbúabyggð á Nöfum og stefna um uppbyggingu raforkuflutningskerfisins í Skagafirði er líkleg til að breyta staðbundið einkennum landslags og ásýnd byggðar.

Þétting byggðar styður við núverandi landslag. Til að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum leggur aðalskipulagið áherslu á viðmið og gæðamarkmið fyrir ásýnd og yfirbragð byggðar, auk vandaðrar hönnunar uppbyggingu og frágang atvinnusvæða sem fylgja skal eftir á deiliskipulagsstigi. Sömu leiðis eru skilmálar um að Rangárvallalína fari í jörðu þegar Blöndulína 3 er reist, sjá nánar kafla 3.1.

Ákvæði úr áætlunum um verndarsvæði í byggð á Sauðárkróki og Hofsósi eru tekin upp í aðalskipulagi. Stefna um samfélagsþjónustu kveður einnig á um vandaða hönnun opinberra mannvirkja til að stuðla að jákvæðri ásýnd og bættu umhverfi.

4.2.3 Loftslag

Markmið er sett um bættu orkunýtingu og áhersla lögð á þéttingu byggðar og nýtingu núverandi innviða. Slíkar áherslur eru líklegar til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna minni umsvifa mannvirkja og styttri ferða. Að sama skapi er stefnumörkun um styttingu aksturvegalengda í Skagafirði með vegabótum og jarðgöngum líkleg til að stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda. Markmið um innviði vegna orkuskipta, rafhleðslustöðvar og rafvæðingu Sauðárkrókshafna stuðla að minni eldsneytisnotkun.

Áfram er gert ráð fyrir iðnaðaruppbyggingu innan sveitarfélagsins. Stefna um iðnaðaruppbyggingu er líkleg til að stuðla að aukinni losun og hafa neikvæð áhrif á loftslag. Áhrif iðnaðaruppbyggingar er háð óvissu um eðli starfseminnar.

Stefnumörkun um skógrækt og að stuðlað verði að vernd votlendissvæða til að auka ekki losun frá landi stuðla að jákvæðum áhrifum á loftslag, en vægi jákvæðra áhrifa eru líkleg til að vera óveruleg.



Stefnumótunin styður við markmið 13 um að grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.



Stefnumótunin styður við markmið 7 um að tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði. Nútímaleg og áreiðanleg orkuþjónusta verði í boði og hlutfall endurnýjanlegrar orku aukist í heiminum.



4.2.4 Samfélag

Í aðalskipulagi er lögð áhersla á fjölbreytta atvinnuuppbyggingu og þróunarmöguleika í helstu geirum atvinnulífs, svo sem iðnaði, verslun, samfélagsþjónustu og landbúnaði. Stefnumótun um iðnaðaruppbyggingu er líkleg til að fjölga störfum og stefna um lagningu raflína jákvæð fyrir efnahag, bætir afhendingaröryggi raforku sem styrkir forsendur atvinnureksturs. Framboð atvinnulóða fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi er aukið sem býður upp á fjölbreytta þróunarmöguleika fyrir núverandi atvinnustarfsemi vegna framboðs og aðgengi að mikilvægum innviðum.

Stækkun íbúðabygðar kallar á þróun skóla, heilbrigðisþjónustu og menningarstarfsemi, og stuðlar stefnumótunin að bættri samfélagsþjónustu í sveitarfélaginu. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir uppbyggingu þekkingarseturs í tengslum við Háskólann á Hólum, með sérstaka áherslu á fiskeldi, sem styður við þróun atvinnulífs og þekkingargreina í sveitarfélaginu. Fjölbreytt framboð húsnæðis og þétting byggðar styrkir efnahag og sjálfbærni. Stefna gerir ráð fyrir að nýta óbyggð svæði innan núverandi byggðar, styðja við byggðamynstur og bjóða upp á fjölbreyttar húsagerðir sem mæta þörfum íbúa. Ákvæði eru sett fram til að lágmarka ónæði frá atvinnustarfsemi á nærliggjandi íbúðasvæðum.

Miðað er við að íbúðabygð gangi ekki á gott landbúnaðarland. Svæði fyrir frístundabygð taka til lands sem fellur í flokk landbúnaðarlands III og IV. Skilmálar á landbúnaðarsvæðum draga úr neikvæðum áhrifum á landbúnaðarland. Áfram verður unnið að skráningu fornminja í dreifbýli og eldri skráningar uppfærðar. Gerð verður áætlun um framvindu skráninga á aðalskipulagstímabilinu.

Bættar samgöngur og jarðgöng styrkja Skagafjörð sem atvinnu- og þjónustusvæði. Stækkun hafnar á Sauðárkróki eykur hagkvæmni og styrkir atvinnulíf. Tillögur um vegabætur og uppbyggingu samgangna í þéttbýli og dreifbýli stuðla að auknu umferðaröryggi.



Stefnumótunin styður við markmið 8 um að stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum.



Stefnumótunin styður við markmið 9 um að byggja upp viðnámsþolna innviði, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun.



Stefnumótunin styður við markmið 11 um að gera borgir og íbúðasvæði öllum mönnum auðnotuð, örugg, viðnámsþolin og sjálfbær. Allir geti orðið sér úti um fullnægjandi og öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði.



Stefnumótunin styður við markmið 4 um að tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi.



4.2.5 Heilsa og öryggi

Í aðalskipulagi eru ofanflóðahættusvæði afmörkuð og sett ákvæði um uppbyggingu innan þeirra. Hluti íbúðabyggðar í brekkunum undir Nöfum á Sauðárkróki er skilgreindur sem A- og B-hættusvæði vegna ofanflóða. Þar er heimilt að fjölga íbúðum með skilyrðum sem tryggja öryggi íbúa. Að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum á svæðum þar sem hætta stafar af þekktri náttúruvá. Á skipulagstímabilinu verða flóðasvæði kortlögð í samræmi við greiningar Veðurstofu Íslands.

Stefnumótun um jarðgöng dregur úr umferð um fjallvegi þar sem hætta er á ofanflóðum og veðurvá. Til að bæta umferðaröryggi eru sett ákvæði um vegabætur og aðgerðir í þéttbýli og dreifbýli. Ný samgöngumannvirki, s.s. jarðgöng, eru talin auka öryggi vegfarenda. Stefna um uppbyggingu raforkuflutningskerfis í Skagafirði mun bæta afhendingaröryggi raforku, sem styrkir öryggi samfélagsinnviða á borð við heilbrigðisstofnanir og fjarskiptakerfi.

Almennt liggja ekki fyrir gögn um ástand hljóðvistar í sveitarfélaginu. Byggt á gögnum um umferðamagn er ætlað að hávaði sé undir viðmiðunarmörkum á helstu vegum í sveitarfélaginu, s.s. á Sauðárkróki og Hofsósi. Þar sem ný atvinnusvæði eru skipulögð á óbyggðu landi geta staðbundin áhrif á hljóðvist orðið neikvæð. Til að draga úr slíkum áhrifum eru skilmálar settir um fjarlægðir atvinnusvæða frá íbúðabyggð. Almennt er íbúðabyggð staðsett í hæfilegri fjarlægð frá samgöngum og atvinnustarfsemi. Aukinn umferðarþungi getur haft neikvæð áhrif á hljóðvist við vegi. Hins vegar geta nýir vegir dregið úr umferð á öðrum leiðum og þar með hávaða. Heilt yfir eru áhrif stefnu um samgöngur og veitur á hljóðvist í sveitarfélaginu talin óveruleg.

Sveitarfélagið Skagafjörður býður áfram upp á gott framboð útivistarsvæða og íþróttasvæða. Aðalskipulagið setur fram stefnu um göngu- og hjólaleiðir til að efla virka samgöngumáta. Markmiðið er að bæta aðstæður fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, sem stuðlar að bættri lýðheilsu.

Í nágrenni þéttbýlisstaða á borð við Sauðárkrók, Varmahlíð og Hóla eru skógræktarsvæði með göngustígum sem bjóða upp á fjölbreytta útivistarmöguleika. Aðalskipulagið leggur áherslu á að staðsetja íbúðir nærri þjónustusvæðum, þannig að íbúar geti sinnt daglegum erindum án bíls. Þessi stefna er líkleg til að stuðla að betri lífsgæðum og sjálfbærri þróun.



Stefnumótunin styður við markmið 3 um að stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar.



4.2.6 Auðlindir

Í aðalskipulagi er lögð áhersla á hagkvæma nýtingu lands og sjálfbæra nýtingu auðlinda. Heildarumfang uppbyggingasvæða í þéttbýli helst þó svipað og áður. Efnistökusvæðum er fjölgað til að mæta þörfum uppbyggingar innviða og atvinnustarfsemi. Þrátt fyrir að efnistaka feli í sér nýtingu óendurnýjanlegrar auðlinda, er í mörgum tilvikum hægt að endurnýta land námusvæða til annarra nota eftir að gengið hefur verið frá þeim.

Áfram er stefnt að því að styrkja grunnstoðir landbúnaðar og skapa skilyrði fyrir nýsköpun, vöruþróun og vaxtarsprotu í landbúnaði og tengdum greinum. Gott ræktarland verður varið fyrir annarri starfsemi og nýtingu þess til ræktunar forgangsraðað. Landbúnaðarland hefur verið kortlagt og flokkað eftir gæðum til að styðja við markmið um sjálfbæra nýtingu. Staðinn er vörður um gott ræktarland og landbúnaðarland, með því að móta skilmála ef breyta á landbúnaðarlandi og heimildum um uppbyggingu á landbúnaðarlandi. Flokkun landbúnaðarlands og kortlagning landbúnaðarlands eftir gæðum styður við sett markmið.

Búast má við aukinni vatnsnotkun vegna stefnu um iðnaðaruppbyggingu í Viðvíkursveit og breytingar verða gerðar á afmörkun vatnsverndarsvæða með það fyrir augum að tryggja sveitarfélaginu gott aðgengi að neysluvatni. Stefnt er að uppbyggingu nýrra fráveitukerfa til að mæta þörfum nýrrar byggðar og uppfylla kröfur um fráveitumannvirki. Á Sauðárkróki er gert ráð fyrir nýju skólphreinsivirki sem mun styðja við bætt fráveitukerfi.

Áhersla er lögð á að draga úr umfangi urðunar og auka hlutfall endurvinnslu og jarðgerðar í samræmi við markmið svæðisáætlunar um úrgangsstjórnun á Norðurlandi.



Stefnumótunin styður við markmið 2 um að útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bætt næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði. Teknir verði upp starfshættir sem auka framleiðni, viðhalda vistkerfum og draga úr hættu af völdum loftslagsbreytinga.



5 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana eru tilgreindar framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum og falla þær í flokk A.

Framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og eru metnar í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögunum eru í flokki B. Sama á við um framkvæmdir sem eru að umfangi undir skilgreindum viðmiðunarmörkum ef þær eru fyrirhugaðar á verndarsvæði.

Í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035 er mörkuð stefna um eftirfarandi framkvæmdir sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana:

Framkvæmd	Lýsing
Iðnaðaruppbygging	Iðnaðarframkvæmdir þar sem framkvæmdasvæði eða gólfllötur bygginga er a.m.k. 20.000 m ² eru framkvæmdir í flokki B og skal meta hvort séu háðar mati á umhverfisáhrifum.
Orkuíðnaður og flutningskerfi raforku	Gert er ráð fyrir lagningu háspennulína. Stefnt er að athugun á virkjunarkostum með uppsett afl allt að 10 MW. - Loftlínur til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri eru framkvæmdir í flokki A sem skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Blöndulína 3 er framkvæmd í A-flokki. - Vatnsorkuver með uppsett raf afl 200 kW og að 10 MW eru tilkynningarskyldar framkvæmdir í flokki B. - Stöðvar sem nýta vindafl til raforkuframleiðslu (vindbú) með 1 MW uppsett raf afl eða meira eru í flokki B.
Fráveita	Skólphreinsivirki með afkastagetu sem svarar til 50.000 persónueininga eða meira er framkvæmd í flokki A sem skal jafnframt ávallt vera háð mati á umhverfisáhrifum. Skólphreinsivirki með minni afkastagetu eru tilkynningarskyldar í flokki B. Skólphreinsivirki á Borgarsandi á Sauðárkróki (I-3.1).
Samgöngur	Nýir vegir sem eru 10 km eða lengri og hafnir sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um eru samgönguframkvæmdir í flokki A sem skulu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. - Í Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035 er gert ráð fyrir tveimur jarðgöngum, þ.e. milli Siglufjarðar og Fljóta sem hafa verið á aðalskipulagi og milli Hjaltadals og Hörgárdals. - Í tengslum við iðnaðarsvæði í Viðvíkursveit er gert ráð fyrir höfn. Stærð hennar er óákveðin en gert ráð fyrir að hún geti tekið á móti stórum flutningaskipum. Hafnir (viðskiptahafnir, skipgengar vatnaleiðir og innhafnir) sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um eru framkvæmdir í flokki A sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Nýir tveggja akreina vegir styttri en 10 km í þéttbýli, nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum eru tilkynningarskyldir í flokki B og kunna að vera háðir mati á umhverfisáhrifum. - Nýr vegur yfir Héraðsvötn við Villinganes sem er um 4 km. - Ný aðkoma að Sauðárkróki um Þverárfjallsveg.
Skógrækt	Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum sem breytir fyrri landnotkun er tilkynningarskyld skógrækt í flokki B.
Efnistaka	Efnistaka þar sem áætlað er að raska 2,5 ha svæði eða stærra, eða efnismagn er 50.000 m ³ eða meira fellur í flokk B og meta þarf hvort framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum. Efnistaka þar sem áætlað er að raska 25 ha svæði eða stærra, eða efnismagn er 500.000 m ³ eða meira fellur í flokk A og er háð mati á umhverfisáhrifum.



6 Tengsl við aðrar áætlanir og stefnumótun

Eftirtalдар áætlanir voru rýndar með hliðsjón af hugsanlegum áhrifum þeirra á mótun aðalskipulagsins:

Áætlanir	
Landsskipulagsstefna 2024 – 2038 Markmið um vernd og umhverfis og náttúru Markmið um gott samfélag Markmið um samkeppnishæft atvinnulíf	Stefnumótun í aðalskipulagi styður við markmið landsskipulagsstefnu. Áhersla er lögð á að viðhalda staðbundnum einkennum landslags og tryggja að uppbygging raski ekki náttúrulegu umhverfi eða vistkerfum. Skipulagið styður sjálfbæra nýtingu lands og eflir gæði byggðar með áherslu á fjölbreytta samgöngukosti og gott aðgengi almennings að náttúru. Uppbygging innviða skapar skilyrði fyrir nýsköpun í atvinnulífi og stuðlar að efnahagslegri þróun.
Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til 2030	Stefnumótun í aðalskipulagi styður við markmið aðgerðaáætlunar. Áhersla er lögð á þetta byggð og skógrækt til kolefnisbindingar. Skilmálar fyrir atvinnusvæði og innviði styðjavistvæna nýtingu og orkusparnað.
Hafið – Stefna íslenskra stjórnvalda frá 2004	Stefnumótun um strandsvæði í aðalskipulagi endurspeglar áherslur stefnumótunarinnar.
Hreint loft til framtíðar	Aðalskipulag er ekki líklegt til að ganga gegn markmiðum stefnumótunarinnar.
Kerfisáætlun 2021-2030	Stefnumótun í aðalskipulagi fer saman með viðfangsefnum Kerfisáætlunar varðandi uppbyggingu innviða um land allt.
Land og líf – landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt til ársins 2031	Aðalskipulag er ekki líklegt til að ganga gegn markmiðum í landsáætlun.
Landbúnaðarstefna til 2040	Stefnumótun í aðalskipulagi um flokkun landbúnaðarlands endurspeglar áherslur landbúnaðarstefnu.
Landslagssamningur Evrópu	Stefnumótun í aðalskipulagi er líkleg til að til að viðhalda staðbundnum einkennum svæða, tryggja fjölbreytileika og gæði landslags bæði í náttúrulegu umhverfi og menningarlandslagi, sem og að tryggja aðkomu almennings að ákvarðanatöku er varðar landslag.
Náttúruinjasrá: A- og C-hluti Tillögur að B-hluta Bernarsamningur um villtar plöntur og dýr Ramsarsamningur Samningur Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni	Áherslur í aðalskipulagi fara saman með náttúruinjasrá og alþjóðlegum samningum. Almenn eru uppbyggingarsvæði ekki á verndarsvæðum. Stefnumótun um votlendi og skógrækt stuðla að því að dregið sé úr hnignun vistkerfa.
Samgönguáætlun 2020-2034	Stefnumótun í aðalskipulagi fer saman með viðfangsefnum Samgönguáætlunar varðandi uppbyggingu innviða.
Stefnumótandi byggðaáætlun 2022-2036	Stefnumótun í aðalskipulagi samræmist áherslum byggðaáætlunar um gæði byggða, jöfn tækifæri, sjálfbær samfélög, góðar samgöngur, fjölbreytta atvinnu, nýsköpun, tryggja innviði og orku.
Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024	Stefnumótun í aðalskipulagi endurspeglar áherslur sóknaráætlunar um gæði byggðar, sjálfbærni, fjölbreytta atvinnu og aukna nýsköpun.
Vatnaáætlun 2022 - 2027	Stefnumótun í aðalskipulagi tekur mið af markmiðum vatnaáætlunar Íslands 2022–2027 um verndun og sjálfbæra nýtingu vatnsauðlinda. Sérstök áhersla er lögð á að framkvæmdir, svo sem uppbygging iðnaðarsvæða og efnistökusvæða, valdi ekki rýrnun á gæðum yfirborðs- eða grunnvatns.
Verndarsvæði í byggð	Stefnumótun í aðalskipulagi samræmist verndaráætlunum fyrir elstu bæjarhluta á Sauðárkróki og Hofsósi.